

Tillögur að breytingum á samþykktum GOS

1. Grein 1.3.

Núgildandi grein 1.3. er svohljóðandi:

„Heimilisfang félagsins Svarfhólsvöllur, 801 Selfoss.“

Lagt er til að orðið „er“ bætist inn og ákvæðið verði svohljóðandi:

„Heimilisfang félagsins **er** Svarfhólsvöllur, 801 Selfoss.“

Tilgangur breytingarinnar er að laga málfar.

2. Grein 3.6.

Núgildandi grein 3.6. er svohljóðandi:

Aðalfund skal halda eigi síðar en 15. desember ár hvert. Á aðalfundi skulu eftirfarandi mál tekin fyrir.

1. Kosning fundarstjóra og ritara.
2. Skýrsla stjórnar.
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar.
4. Skýrslur nefnda.
5. Lagabreytingar.
6. Kosningar samkvæmt 4. og 6. kafla.
7. Fjárhagsáætlun næsta árs afgangur.
8. Önnur mál.

Lagt er til að við bætist liður nr. 7 og ákvæðið verði svohljóðandi:

Aðalfund skal halda eigi síðar en 15. desember ár hvert. Á aðalfundi skulu eftirfarandi mál tekin fyrir:

1. Kosning fundarstjóra og ritara.
2. Skýrsla stjórnar.
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar.
4. Skýrslur nefnda.
5. Lagabreytingar.
6. Kosningar samkvæmt 4. og 6. kafla.

7. Félagsgjöld

8. Fjárhagsáætlun næsta árs afgangur.
9. Önnur mál.

Tilgangur breytingarinnar er að bæta ákvörðunartöku um félagsgjöld við lögbundna dagskrá aðalfundar enda er það aðalfundur sem ákveður félagsgjöld næsta árs sbr. 3.7. gr. samþykktar.

3. Grein 4.1.

Núgildandi grein 4.1. er svohljóðandi:

Stjórn félagsins skal skipuð sjö mönnum. Kjósa skal fyrst formann til tveggja ára, síðan varaformann, ritara og gjaldkera til tveggja ára. Þá skulu kosnir þrír meðstjórnendur til tveggja ára.

Lagt er til að ákvæðið verði svohljóðandi:

Stjórn félagsins skal skipuð sjö mönnum sem kosnir eru á aðalfundi. Formann stjórnar skal kjósa sérstaklega til tveggja ára í senn. Meðstjórnendur skulu kosnir til tveggja ára, þrír hvert ár. Á fyrsta stjórnarfundum skipta stjórnarmenn með sér störfum þannig að einn skal vera varaformaður, einn ritari, einn gjaldkeri og þrír meðstjórnendur.

Tilgangur breytingarinnar er að einfalda kosningu til stjórnar með þeim hætti að einstaklingur býður sig annað hvort fram sem formaður eða sem meðstjórnandi í stað þess að þurfa velja hvort viðkomandi einstaklingur bjóði sig fram sem ritara, gjaldkera, varaformann eða meðstjórnanda.

4. Ákvæði um stundarsakir

Bætt er við ákvæði um stundarsakir sem er svohljóðandi:

Til að tryggja að þrír meðstjórnendur séu kosnir ár hvert skal einn stjórnarmaður kosinn til eins árs á aðalfundi 2023. Þjóðist enginn kjörinn stjórnarmaður til að sitja í eitt ár skal hlutkesti varpað til að ákvarða hvaða stjórnarmaður hlýtur kosningu til eins árs.

Tilgangurinn með þessu ákvæði er að breyta þeirri framkvæmd að fimm stjórnarmenn séu kjörnir annað hvert ár og aðeins tveir stjórnarmenn hitt árið. Með þessari breytingu er reynt að tryggja að ákveðin reynsla haldist innan stjórnarinnar.